

Reykjavík, 13. júní 2007

Ályktanir Umferðarráðs

Ályktun Umferðarráðs vegna sumarumferðar á þjóðvegum landsins
Nú fer í hönd sá tími þegar landsmenn leggja land undir fót til að njóta íslenskrar náttúru og margvíslegra viðburða sem í boði eru víða um land. Sumarið er tími skemmtiferða en því miður einnig margra alvarlegra slysa á þjóðvegum landsins. Umferðarráð minnir ökumenn á mikilvægi þess að aka varlega og haga akstri eftir aðstæðum hverju sinni. Á hverju ári á fjöldi saklausra vegfarenda um sárt að binda vegna glæfraaksturs á þéttskipuðum þjóðvegum.

Ályktun Umferðarráðs vegna mikillar fjölgunar eftirvagna
Á undanförunum árum hefur fjöldi hjólhýsa, fellihýsa og tjaldvagna aukist mikið á götum landsins, sem hefur mikil áhrif á umferðina. Umferðarráð vill beina því til ökumanna með eftirvagna að sýna sérstaka aðgæslu og huga að því að hámarks hraði með slíka vagna í eftirdragi er lægri en ella. Það krefst leikni og þjálfunar að aka með eftirvagn þar sem lengd, breidd og hæð eykst en útsýni skerðist. Við slíkan akstur eykst líka heildarþyngd ökutækisins sem lengir hemlunarvegalegd. Það er ætíð á ábyrgð ökumanns að tryggja að öryggisbúnaður eftirvagns sé í lagi og að aka ekki í almennt umferð ef veður eða aðstæður eru varasamar.

Allir ökumenn eru minntir á að sýna sérstaka varkárni þegar farið er fram úr bíl með eftirvagn. Einnig er minnt á að sektir vegna hraðakstursbrota ökutækja með eftirvagna hafa hækkað verulega með breytingu á umferðarlögum. Við ákvörðun sektar vegna hraðabrots er nú höfð hliðsjón af aukinni áhættu sem fylgir hraðakstri ökutækja með eftirvagn.

Ályktun Umferðarráðs vegna alþingiskosninga og nýs samgönguráðherra

Umferðarráð óskar nýkjörnum alþingismönnum til hamingju með kjörið, velfarnaðar í störfum sínum í þágu lands og þjóðar og vonast eftir góðu samstarfi við þá á sviði umferðaröryggismála.

Umferðarráð þakkar Sturlu Böðvarssyni, fráfarandi samgönguráðherra, sérstaklega fyrir gott starf á sviði umferðaröryggismála. Sturla beitti sér fyrir fjölmörgum aðgerðum í þágu málaflökksins og lagði áherslu á að umferðaröryggi yrði í auknum mæli lagt til grundvallar við hönnun samgöngumannvirkja. Undir stjórn hans var einnig lögð fram sérstök umferðaröryggisáætlun sem hluti af almennt samgönguáætlun.

Um leið og Sturlu Böðvarssyni eru þökkun góð störf í þágu umferðaröryggismála, er Kristján L. Möller, nýskipaður samgönguráðherra, boðinn velkominn til starfa. Vonast Umferðarráð eftir góðu samstarfi við hann í þágu þessa mikilvæga málaflökks.